

### Hugmyndir um nýtingu Tunguár.

Á allra síðustu árum hafa rannsóknir víða um heim sýnt að gönguseiðaframleiðsla svæðis í á er verulega háð fjölda þeirra seiða sem alast upp á svæðinu. Sé fjöldi seiða "of mikill" hægist á vextinum og dánartalan eykst. Gönguseiðaframleiðsla svæðisins verður með öðrum orðum minni, en ef "hæfilegur" fjöldi seiða væri ávallt á svæðinu.

Rannsóknir á vegum Veiðimálastofnunarinnar í Hrútafjarðará, sem hófust 1979 og standa yfir enn, sýna að á Íslandi virðast gilda sömu lögmál (rannsókninni er enn ekki lokið og því er hér aðeins um bráðabirgðaniðurstöður að ræða).

Verður hér stiklað á helstu atriðum þessarar rannsóknar, sem Teitur Arnlaugsson hefur framkvæmt, og jafnframt kynntar þær bráðabirgðaniðurstöður sem nú hafa fengist.

Á ófiskgengan hluta Hrútafjarðarár var 1979 og 1980 sleppt frá 30 og upp í 300 "sumarseiðum" á hverja hundrað fermetra, á fyrirfram ákveðin svæði sem bjóða upp á lík uppeldisskilyrði.

Eftir rúmlega eins árs athuganir með rafveiðum hefur komið í ljós að þar sem seiðapéttleikinn var minnstur (30 seiðum sleppt/100 m<sup>2</sup>) vaxa seiðin best og minnst þar sem péttleikinn var mestur. Ennfremur voru rúmlega sex sinnum fleiri seiði úr fyrri sleppingunni á svæðinu þar sem seiðapéttleikinn var minnstur í upphafi samanborið við það svæði þar sem péttleikinn var upphaflega mestur.

Rafmagnsveiðar í Tunguá hafa sýnt að áin er ofsetin seiðum. Á þessu stigi er ekki unnt að segja með vissu hver sé hæfilegur seiðapéttleiki í Tunguá, því vafasamt er að bera saman niðurstöður úr einni á við aðra, og allra síst tölur erlendis frá. T.d. er framleiðslugeta Tunguár af gönguseiðum mun meiri en þekkt víða erlendis. Sennilega gildir þetta einnig um margar aðrar íslenskar ár.

Samband milli stærðar hrygningarstofns og gönguseiðafjölda hefur ekki verið rannsakað hér á landi enn sem komið er. Með því að koma fyrir gildruútbúnaði<sup>x)</sup> í Tunguá skapast möguleikar á því að rannsaka þetta samband. Jafnframt má búast við því að grisjun hrygningarstofnsins

x) Gildruútbúnaðurinn samanstendur af gönguseiðagildru sem tæki öll niðurgönguseiði, og laxagildru sem tæki allan lax sem upp í ána gengi. Varðandi gerð gildrunnar vísa ég til greinar Jóns Kristjánssonar, "Veiðigildir til notkunar í ám og vötnum", fjölrit Veiðimálastofnunar nr. 30 frá 1981. Eru teikningar að gildrunni sýndar á bls. 10 og 11.

leiði til meiri laxagengdar í Tunguá. Ættu þá hagsmunir veiðifélagsins og Veiðimálastofnunarinnar að geta farið saman ef út í þessa rannsókn verður farið.

Í skýrslu frá apríl 1979 dregur Tumi Tómasson saman niðurstöður rafmagnsveiða fyrir árin 1976-1978. Út frá þeim niðurstöðum og flatarmáli Tunguár (132000 m<sup>2</sup>, Skýrsla Teits Arnlaugssonar frá sept.1976), hef ég áætlað fjölda 2<sup>+</sup>/3<sup>+</sup> seiða í Tunguá fyrir árin 1976-1978. Áætlaður meðalfjöldi seiðanna á hverja 100 m<sup>2</sup> er fundinn með log.transformation<sup>x)</sup>.

Ár	Áætlaður meðalfjöldi 2 <sup>+</sup> /3 <sup>+</sup> seiða á hverja 100 m <sup>2</sup> .	Heildarfjöldi
1976	12.1	15998
1977	15.7	20737
1978	20.1	26571

Ef að reiknað er með að 2<sup>+</sup>/3<sup>+</sup> gömul seiði að hausti verði gönguseiði næsta vor, og að dánartala seiðanna síðasta veturinn í ánni sé u.þ.b. sextíu af hundraði, verður útreiknaður fjöldi gönguseiða eftirfarandi.

Úr 1976 rafveiðunum = 6399

Úr 1977 rafveiðunum = 8295

Úr 1978 rafveiðunum = 10628

Sé reiknað með að 20-25 % af seiðunum skili sér tilbaka úr sjó og gert ráð fyrir að helmingur laxins eða rúmlega það veiðist áður en hann nær að komast í Tunguá, þ.e. nálega 10 % af gönguseiðunum endurheimtist sem fullorðinn lax í Tunguá lítur dæmið þannig út.

Úr 1976 rafveiðunum áttu ca.640 laxar að ganga í Tunguá

- 1977 - - 830 - - -

- 1978 - - 1060 - - -

x) Vegna þess hve fjöldi seiða á hverja 100 m<sup>2</sup> er misjafn á rafveiðistöðunum er réttara að áætla meðalfjöldann á hverja 100m<sup>2</sup> með því að nota logariþma af gildunum yfir seiðafjöldann og finna meðaltalið þannig.

Fjárhagslegar forsendur rannsóknarinnar.

Ekki er unnt að nefna neina ákveðna stærð á æskilegum hrygningarstofni að sinni, rannsóknin verður að leiða það í ljós, en tölur þær sem Tumi nefnir í skýrslu sinni frá 1979, þ.e. 60-80 hrygnur ætti að vera hæfilegur fjöldi til að byrja með. Þá þyrfti u.þ.b. 20-30 hængi. Samtals þyrfti því að sleppa nálega 100 lögum upp fyrir gildruna í Tunguá.

Ef að varlega er farið í sakirnar og ekki reiknað með nema 400 lögum í Tunguá, þýðir það að u.þ.b. 300 lögum megi ráðstafa á annan hátt. Verða hér nefndar nokkrar hugmyndir um nýtingu "afgangslaxins".

1. Laxinum verði sleppt aftur neðarlega í Grímsá. Veiðimenn gleðjast yfir auknum fjölda laxa í ánni og eru væntanlega tilbúin að greiða hærri verð fyrir veiðileyfið. Jafnframt væri þá hægt að merkja laxinn og með því mótí finna veiðialagið í ánni. Að loknum veiðitíma má svo nýta þann lax sem gengur í gildruna t.d. til kreistingar.

2. Laxinum verði slátrað. Árið 1980 var meðalverðið 4500 gkr. fyrir kílóíð af ferskum fiski.

300 laxar með meðalþyngd 2.5 kg. gera þá 3.370.000 gkr.

3. Ef reiknað er með nokkurn veginn jöfnu kynjahlutfalli á þessum 300 lögum mætti geyma allar hrygnur og u.þ.b. 40 hængi til kreistingar um haustið. Úr 150 hrygnum fengjust ca. 75 lítrar af hrognum. 1980 var hver líteri seldur á 42100 gkr. Samtals gerir þetta 3.157.500 gkr. 110 hængum væri þá slátrað, (kílóverð 4500 gkr. meðalþyngd 2.5 kg.

Samtals gerir þetta 1.237.500 gkr.

Hugsanlega mætti selja klakfiskinn í reyki. Áætlað kílóverð er þá 2500 gkr.

190 klakfiskar (meðalþyngd 2.0 kg.) gera þá 950000

Samtals verður upphæðin 5.345.000

Kostnaður hlýtur að verða nokkur en ég treysti mér ekki til að meta hann.

Þess má einnig geta að í fyrra var lítersverð á augnhrognum 115.000 gkr. Hugsanlegt væri að selja augnhrogn, en þá þarf að koma til klakaðstaða.

Þar sem að hér hefur aðeins farið fram leikur ~~með~~ tölum, tel ég rétt að fara að öllu með gát til að byrja með. Ein hugmynd gæti verið sú að setja gildruútbúnað í Tunguá nú í vor og eingöngu talning á gönguseiðum og lögum færi fram í ár. Lögnum yrði þá sleppt aftur fyrir ofan gildru og stangveiðar leifðar áfram í Tunguá í sumar.

Að afloknum veiðitíma má síðan taka nánari afstöðu til þessarar hugmynda. Ef þessi síðasta hugmynd yrði reynd fengist vitneskja um gönguseiðaframléiðslu Tunguár undir "eðlilegum kringumstæðum" nú í ár og næstu tvö ár á eftir. Þessi þrjú ár ættu þá að verða góð viðmiðun við það ástand sem verður eftir grisjun hrygningarstofnsins.